

Fundargerð

2. fundur

Föstudaginn 14. júlí 2006 kom hreppsnefnd Langanesbyggðar saman til fundar að Fjarðarvegi 3 og hófst fundur kl. 13:13.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, Þórir Jónsson, Árni Davíð Haraldsson, Jóhanna Helgadóttir, Sigurður Ragnar Kristinsson, Marinó Jónsson og Aðalbjörn Arnarsson, auk Björns Ingimarssonar, sveitarstjóra.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefndarfundur 13.06 '06 lögð fram.
- Byggðarráð 24.06 '06 lögð fram og samþykkt.
- Byggðarráð 30.06 '06 lögð fram og samþykkt.
- Byggðarráð 14.07 '06 lögð fram og samþykkt.
- Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögur undir þessum lið:

“Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að efnt verði til samkeppni um byggðarmerki fyrir Langanesbyggð” Samþykkt samhljóða.

- Fundargerð skólamálaráðs 18.05 '06 samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum:

- Eyþing – Stjórnarfundur nr. 171 07.06 '06.

3. Skýrsla sveitarstjóra.

Björn flutti greinargóða skýrslu.

4. Innsend erindi.

Til kynningar:

- Bændasamtök Íslands – Kynning til nýkjörinna sveitarstjórnarmanna.
- Leið ehf. – Færsla vegar fyrir botni Hrutafjarðar.

Til afgreiðslu:

- Eyþing – kjör fulltrúa á aðalfund Eyþings m.m.

Ákvörðun um fulltrúa til setu á aðalfundi Eyþings vísað til afgreiðslu undir dagskrárlíð 6.

Samþykkt að sameinað sveitarfélag verði aðili að samstarfi sveitarfélaga innan Eyþings í framtíðinni.

Áhersla verður lögð á að viðhalda góðu samstarfi við SSA. Sveitarstjóra falið að tilkynna um þetta til

Eypings og SSA. Samþykkt samhljóða.

- Samband ísl. Sveitarfélaga - Boðun 20. landsþings Sambands ísl. Sveitarfélaga.

Ákvörðun um fulltrúa til setu á landsþingi sambands íslenskra sveitarfélaga vísað til afgreiðslu undir dagskrárlið 6.

-Ólafur B. Sveinsson – Hundahald á Bakkafirði.

Samþykkt að senda reglur um hundahald á Bakkafirði inn á hvert heimili í þorpinu með ábendingu um mikilvægi þess að reglurnar séu virtar með vísan til þeirra viðurlaga sem grípa þarf til sé slíkt ekki gert. Samþykkt samhljóða.

-Vegagerðin – Fjárveiting til styrkvega 2006.

Sveitarstjóra falið að ráðstafa fjárveitingum til styrkvega 2006 í samræmi við eftirfarandi: Til viðgerða við Stóralæk í Miðfjarðarheiði kr. 1.000.000,-, í eyðibýla- og fjallvegi á Langanesi kr. 1.800.000,- og til viðhalds á Langanesvegi frá Heiði að Skálum kr. 2.200.000- Samþykkt samhljóða.

-Brunabót – Styrktarsjóður EBÍ 2006-07-17

Byggðarráði falið að vinna málið áfram m.a. með tilliti til hugmynda um útivistar- og ævintýrasvæði í landi sveitarfélagsins norðan Fossár. Samþykkt samhljóða.

-Veitingastofan Marísa - Ósk um undanþágu vegna vínveitinga.

Samþykkt að veita Veitingastofunni Marísu heimild til vínveitinga til kl. 04:00 aðfaranótt laugardagsins 15.júlí 2006. Samþykkt samhljóða.

-Umhverfisráðuneytið – Frumvarp til laga um mannvirki og skipulagsmál.

Samþykkt að vísa umræddum frumvörpum til Umhverfis- og skipulagsnefndar til afgreiðslu. Samþykkt samhljóða.

5. Sorphirðu- og urðunarmál.

Samþykkt að ganga til samninga við Hringrás varðandi heildarlausn um hreinsun og meðferð brotamálma, gúmmís, plastefna, pappa og spilliefna hvers konar.

Einnig samþykkt að láta kanna hvort raunhæft sé að koma upp urðunarstað fyrir sveitarfélagið í landi Skeggjastaða.

Samþykkt samhljóða.

6. Nefndir og ráð á vegum Langanesbyggðar.

Fulltrúi á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga:

Aðalmaður: Björn Ingimarsson, sveitarstjóri

Varamaður: Sigurður Ragnar Kristinsson

Samþ. Með 4 atkvæðum – enginn á móti.

Aðalfundur Eyþings:

Aðalmaður: Björn Ingimarsson, sveitarstjóri

Aðalmaður: Sigurður R. Kristinsson

Varamaður: Þórir Jónsson

Varamaður: Siggeir Stefánsson

Samþykkt með 5 atkvæðum, enginn á móti.

Fyrir lá tillaga að nefndum og ráðum á vegum Langanesbyggðar:

-Atvinnumálanefnd (5 nefndarmenn)

Kemur í stað ferðamálanefndar og landbúnaðarnefndar hjá Þórshafnarhreppi.

Undir nefndina heyri tvær þriggja manna fjallskilaneindir, ein sem nær yfir það svæði er áður tilheyrði Skeggjastaðahreppi og ein sem nær yfir það svæði sem áður tilheyrði Þórshafnarhreppi.

Atvinnumálanefnd skipar í Fjallskilaneindir í samráði við bændur.

Samþykkt með 4. atkv. 3 á móti.

-Fræðslu- og menningarnefnd (5-7 nefndarmenn).

Kemur í stað Bókasafnsnefndar og Skólamálaráðs hjá Þórshafnarhreppi og Bókasafns- og Skólaneindar í Skeggjastaðahreppi. Svalbarðshreppur skipar einn fulltrúa af 5 (sjö). Fulltrúi kennara, skólastjóra og leikskólastjóra sitja fundi nefndarinnar.

Við sameiningu FOM og ÍOT skal fjölga nefndarmönnum úr fimm í sjö.

Samþ. samhljóða.

-Íþrótt- og tómstundanefnd (5 nefndarmenn). Svalbarðshreppur skipar einn fulltrúa af fimm. Stefnt að því að sameina þessa nefnd fræðslu og menningarnefnd innan tveggja ára. Skipað til eins árs í nefndina til að byrja með.

Samþ. samhljóða

-Hafnarnefnd (3 nefndarmenn)

Kemur í stað Hafnarnefndar í Skeggjastaðahreppi (5 nefndarmenn) og Hafnarstjórnar á Þórshöfn (3 nefndarmenn).

Samþ. samhljóða.

-Umhverfis- og skipulagsnefndar (5 nefndarmenn).

Kemur í stað Umhverfisnefndar og Bygginganefndar N-þing hjá Þórshafnarhreppi og í stað Umhverfis-, húsnæðis- bygginga- og skipulagsnefndar hjá Skeggjastaðahreppi.

Samþ. samhljóða.

-Þjónustuhópur aldraðra (1. nefndarmaður)

Óbreytt.

-Hússtjórn Sauðaneshúss (1. nefndarmaður)

Óbreytt

- Skoðunarmenn (2)

Óbreytt.

Kjörstjórnir til Alþingiskosninga (3 í yfir og 2*3 í undir). Til eins árs.

Kjörstjórnir til sveitarstjórnakosninga (3 í yfir og 2*3 í undir). Til fjögurra ára.

-Almannavarnar– barnaverndarnefnd og héraðsskjalasafn hjá Skeggjastaðahreppi
(1. fulltrúi í hverri)

Þarf að fá nánari upplýsingar um hvernig samstarfinu er háttað.

-Húsnæðisnefnd

Fyrrum húsnæðisnefnd Þórshafnarhrepps fellur undir Byggðarráð.

Samþ. Samhljóða.

Samþykkt að fela Byggðarráði að skipa í nefndir í samræmi við framangreint auk þess að leggja fram drög að samþykktum um stjórn og fundarsköp Langanesbyggðar.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá tæmd.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 15:55

Kristín Kristjánsdóttir ritari

